

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 28

Dags. 7.12.2011

**Skipulags og Umhverfisnefnd 28. fundur haldinn í Kjarna 7. desember 2011 settur kl. 17:00**

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Árni og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sem ritaði fundargerð. Auk þess mættu á fundinn skipulagsfulltrúi Þingeyinga Gaukur Hjartarson og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri.

**1. Afmörkun lóða úr Þverá**

Erindi frá Áskeli Jónassyni Þverá.

Ég undirritaður landeigandi að Þverá í Laxárdal óska eftir samþykki sveitarstjórnar til að afmarka tvær lóðir úr jörðinni Þverá.

Lóðamynd er unnin af G.H.G. á Búgarði dags. 7.7.2011.

Lóð, (Þverárbær) l.nr. 153826 er 46.810 m<sup>2</sup> að stærð.

Lóð, (kirkja/kirkjugarður) l.nr. 153825 er 600 m<sup>2</sup> að stærð.

Fyrir fundinum liggur uppdráttur teiknaður af G.H.G. Búgarði dagsettur 07.07.2011

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að afmökun beggja lóða verði samþykkt.

**2. Hof á Flateyjardal, ferðamannaskáli.**

28.10.2010 barst erindi frá Ferðafélagi Húsavíkur þar sem óskað er eftir lóð undir gönguskála á Flateyjardal.

Nú liggur fyrir uppdráttur dags.15.11.2011 með hnitsettri lóð í landi Hofa.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun lóðarinnar með því skilyrði að byggingarfulltrúi samþykki byggingaráform á lóðinni.

**3. Deiliskipulag Þeistareykja.**

Haldin var almennur kynningarfundur um deiliskipulagstillöguna á Ídölum þann 30.11.2011 engar á bendingar komu fram á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði kynnt almenningi samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

**4. Samvinnunefnd um Svæðisskipulag háítasvæða.**

Nefndin leggur til að sveitarstjórn skipi Ásvald Æ. Þormóðsson og Árna Pétur Hilmarsson til setu í nefndinni og Þórunni Jónsdóttur og Sigurð Hlyn Snæbjörnsson til vara.

Fundi slitið kl. 19:00

Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Guðrún Sigríuður Tryggvadóttir  
Þórunn Jónsdóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson